



PÉSI

34. ÁRGANGUR | 393 TBL. DESEMBER 2024

Athugið!

Næsta Pésa verður dreift
í byrjun febrúar. Efni þarf að
berast fyrir **31. janúar**.



Sr. Óskar skipaður prófastur



Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli var settur sem prófastur í Suðurprófastsdæmi frá og með 1. nóvember 2024 og fór innsetningarathöfn fram þann 19. nóvember sl.

Biskup Íslands, sr. Guðrún Karls Helgudóttir, stýrði innsetningarathöfninni sem fór fram í Hrunakirkju að viðstöddu fjölmenni.

Tekur sr. Óskar við embættinu af sr. Halldóru Þorvarðardóttur, sóknarpresti í Fellsmúlaprestakalli sem gegnt hefur embættinu í 14 ár.

Prófastur er leiðtogi prestanna og sóknanna á Suðurlandi og heldur prófastdæminu saman eins og biskup komst að orði í vígslunni.

Sr. Óskar hefur verið sóknarprestur hér í Hrunaprestakalli frá árinu 2014 og erum við Hrunamenn ákaflega ánægð og stolt af okkar presti sem nú fær enn stærra hlutverk í þjóðkirkjunni. Er honum óskað velfarnaðar í nýju embætti.



Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



Kæru sveitungar

Haustið og byrjun vetrar eru oft annasamir tímar í sveitarstjórnarpólitíkinni. Þá hefst undirbúningur næsta árs með vinnu við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem og áætlunargerð vegna allra þeirra samstarfsverkefna sem Hrunamannahreppur kemur að. Það er því alltaf góð tilfinning þegar þeirri vinnu líkur en sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 þann 5. desember sl.. Rétt er að geta þess margir koma að vinnu við fjárhagsáætlun og á nefndarfólk, starfsfólk ráðhúss, forstöðumenn stofnana og sveitarstjórn miklar þakkar skyldar fyrir góða vinnu og framlag sitt til ábyrgs rekstrar.



Rekstur sveitarfélagsins er traustur

Rekstur sveitarfélagsins er traustur og sýnir áætlunin það. Gert er ráð fyrir að hagnaður, 141 m.kr. verði í rekstri samstæðu A og B hluta. Það er samt ljóst að áframhaldandi fjárfesting er nauðsynleg í stækkandi sveitarfélagi. Þar ber helst að nefna gatnagerð í Röðulstanga, innréttingu á nýrri Heilsugæslu, hönnun og lagning fyrsta áfanga í vatnsveitu frá Blákvísl, ef allt fer að óskum. Einnig er gert ráð fyrir fjárfestingu í húsnæði leikskólans, viðhaldi gatna en leggja á malbik á Garðastíg, Ljónastíg og Iðjuslóð. Nýr fjallaskáli verður byggður í Svínárnesi, uppbygging er fyrirhuguð á gámasvæðinu og svo mætti áfram telja. Einnig er að fara af stað bygging Björgunarmiðstöðvar á Flúðum sem er sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna sem standa að Brunavörnum Árnessýslu og Björgunarfélagsins Eyvindar.

Miklar fjárfestingar framundan

Eins og lesendur sjá er margt framundan á árinu 2025 en eins og svo oft áður getur margt breyst og því gott að hafa í huga að um áætlun er að ræða. Hún gefur þó glögga mynd af rekstrinum og stöðu sveitarfélagsins. Tekjustofnarnir eru að styrkjast töluvert, ekki síst vegna meiri umsvifa í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn leitast ávallt við að halda álögum á íbúana í lágmarki. Ákveðið var að lækka álagningarprösentu fasteignagjalda til að koma til móts við hækkun fasteignamats í sveitarfélaginu úr 0,47 í 0,45. Almennar gjaldskrár hækka að meðaltali um 3,5 prósent en í veitunum hækkar hún um 4,5-4,7% en sú hækkun tekur mið af verðlagsþróun sl. 12 mánaða.

Með fjárhagsáætlun fylgir mjög upplýsandi greinargerð sem fer vandlega yfir stöðuna á einföldu máli. Áætlunina sem og greinargerð má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fludir.is, eða nálgast útprentað eintak í ráðhúsinu.

Alltaf nóg um að vera...

Það er ekki ofsögum sagt að nóg hefur verið um að vera í sveitarfélaginu. Viðburðir eru nánast í hverri viku á vegum félagasamtaka eða hópa og virkilega gaman að sjá þann mikla kraft sem býr í samfélaginu. Það er ómetanlegt og ég fullyrði að leitun sé af öðru eins miðað við þann íbúafjölda sem hér býr og fyrir það bera að þakka. Án þess að fara í upptalningu þá langar mig þó að nefna okkar mikilvæga Björgunarfélag Eyvind, sem er nú að ráðast út í gríðarlega fjárfestingu með byggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar. Það væri gaman ef að við myndum öll sameinast um að styrkja félagið, hvort sem er fyrirtæki eða einstaklingar, í þessu stóra verkefni, því margt smátt gerir eitt stórt!

Senn líður að jólum og þó veðurguðirnir séu ekki beint í jólaskapi þegar þetta er skrifað þá vonumst við að sjálfssögðu eftir góðu jólaveðri með smá snjó! Munum að líta vel í kringum okkur, hugsa um náungann og gleðja þá sem kunna að vera einir eða einmana.

Að lokum vil ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, um leið og ég þakka gott samstarf og skemmtilegar stundir á árinu sem nú er að líða.

*Bestu jólakveðjur,
Jón Bjarnason, oddviti.*



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

ÁRAMÓTABRENNUR Á FLÚÐUM

Áramótabrenna verður á tjaldsvæðinu
á Flúðum, gamlársgdag, kl. 17:00.

Þrettándabrenna verður á sama stað
laugardaginn 4. janúar kl. 20:00.

Á þrettándanum er hefð fyrir því að við
skjótum burt jólin og sér Björgunar-
félagið Eyvindur um flugeldasýningu
sem hefst kl. 20:30.



Bókasafn Hrunamanna

Alltaf er hægt að hafa samband á
bokasafn@fludir.is og á Facebook-síðu
Bókasafns Hrunamanna.

Síðasti opnunardagur bókasafnsins fyrir jólafrí er
föstudagurinn 20. desember. Lokað er milli jóla
og nýárs. Bókasafnið opnar að nýju föstudaginn
3. janúar 2025.



Bókasafnið er opið:

Mánudaga kl. 16-18

Þriðjudaga kl. 18-20

Föstudaga kl. 12-14

Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum

Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur

Axel

Sími 860 7073



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðaúðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum opnunartímar yfir hátíðina

- 19. DES.** kl. 6-9 (Síðasta morgun-
opnunin þar til á nýju ári.)
- 23. DES.** kl. 9-12
- 24. DES.** LOKAÐ
- 25. DES.** LOKAÐ
- 26. DES.** LOKAÐ
- 27. DES.** kl. 16-20:30
- 28. DES.** kl. 13-18
- 29. DES.** kl. 13-18
- 30. DES.** kl. 16-20:30
- 31. DES.** kl. 09-12
- 1. JAN.** LOKAÐ
- 2. JAN.** LOKAÐ

Frá og með 3. janúar 2025 er komin
venjuleg opnun aftur með morgunopn-
unum á mánudögum og fimmtudögum.

Hátíð flokkunar og friðar

Það er gaman að gefa og gleðja um jólin, en því fylgir gjarnan talsvert magn af ýmis-
konar rusli, jólapappír, pakkabönd, mandarínukassar og margt fleira. Svo tína til
ónýtar jólaseríur og gömul jólatré. Munum að flokka og huga að umhverfinu. Jólin eru
talsvert flókin þegar kemur að flokkun - afar margt og skrítið í gangi.

Best er ef hægt er að **endurnýta umbúðir** en ef slíkt er ekki mögulegt þá er mikil-
vægt að umbúðirnar séu flokkaðar rétt.

Gjafapappír, jólakort og gjafamiðar flokkast sem pappír.

Pakkabönd úr plasti og plastumbúðir flokkast sem plast.

Oft eru **pakkaböndin úr taui** og þá flokkast þau með textíl.

Ónýtar jólaseríur eiga alls ekki að enda í gráu tunnunni. Þeim á að skila á móttöku-
stöðina og flokka með öðrum raftækjum.

Ef þið lendið í vandræðum þá er klókt að nota leitarvélur sem finna má til dæmis á
www.sorpa.is

Flokkum okkur svo inn í umhverfisvænt ár með því að **hreinsa upp flugeldarusl** og
koma því á móttökustöðina Flatholti strax eftir áramót.

Gleðilegt hreint ár!

Helgihald í Hrunaprestakalli um hátíðarnar

21. des. (lau): Vetrarsólstöðutónleikar Kirkjukórs
Hruna- og Hrepphólasókna í Hrunakirkju kl. 20.

24. des.: Jólakirkjuskóli fjölskyldunnar í Hrepphólakirkju
kl. 11. Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í Hrunakirkju kl. 23.

25. des.: Hátíðarmessur. Hrepphólakirkja kl. 11 og Ólafsvallakirkja kl. 13.
Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í Stóra-Núpskirkju kl. 22.

31. des.: Guðsþjónusta á gamlársdag í Tungufellskirkju kl. 14.
Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16.

Sjáumst í kirkjunni - gleðileg jól!



Ljósmynd: Peter Fischer



SæsaBar óskar vinum, viðskiptavinum, velunnurum, fastagestum, nærsveitungum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og mikillar farsældar á komandi ári. Megi 2025 færa ykkur gleði og gleðskapar, á SæsaBar.



Við minnum á jólakósi Sæsa 21. des. og glæsilega styrktartónleika 27. des. Nánar auglýst á Facebook síðunni „SæsaBar - Saesi's bar“ og mælum við með læki til að puttinn sé á púlsi.

Það er fullt fullt skemmtilegt framundan á 2025. Lifandi tónlist, Kahoot, Skemmtikvöld, rusladagurinn, piparkökukósý, stuð, stemning og fleira og fleira.

MEIRA GAMAN MINNA LEIÐINLEGT

Hverjum alla til að nýta sér salarkynni Sæsabars undir fundi, hittinga, fótboltagláp og síðast en ekki síst afmæli bæði barna og fullorðinna. Heyrðu í okkur.

Að lokum viljum við hvetja alla vinahópa, klúbba, félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki til að hafa eyru opin hvort einhver geti sungið í þeirra röðum. Uppsveita IDOL...? Hvað stendur nú til?

Huga þarf að trjám og runnum á lóðarmörkum

Vekjum athygli á nauðsyn þess að huga að aðgengi tækja sem sinna snjórúðningi og hálkuvörn svo hægt sé að veita sem besta þjónustu.

Gróður sem vex út fyrir lóðarmörk, ökutækni og ýmsir lausamunir sem ná út á götur, gangstéttar og stíga getur dregið úr öryggi vegfarenda og valdið töfum á snjórúðningi og jafnvel komið í veg fyrir að hægt sé að hreinsa snjó og hálkuverja.

Minnt er á að skv. Byggingarreglugerð er garðeigendum skylt að halda vexti trjáa og runna innan lóðarmarka:


„Lóðarhafa er skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götur, gangstíga eða opin svæði er veghaldara eða umráðamanni svæðis heimilt að fjarlægja þann hluta er truflun eða óþryði veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun.“

Sjá nánar í Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Hvetjum íbúa einnig til að hreinsa snjó frá söfnunarílátum svo sorphirðuaðilar geti með góðu móti losað ílátin eins og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi kveður á um:

„Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar. Auðvelt skal vera að keyra ílátin að söfnunartæki.“

Sjá nánar í Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.



Á myndinni má sjá hvernig haga ber klippingum á trjám og runnum á lóðarmörkum.

Gunnþór Kr. Guðfinnsson





VISS Á FLUÐUM ÓSKUM
YKKUR


Gleðilegra hátiðar

OG FARSÆLDAR Á
KOMANDI ÁRI

PÖKKUM FYRIR VIÐSKIPTUM
OG HLÝHUG Á LIÐINU ÁRI

Jólakeðja Viss

Starfsfólk VISS sér nú um að skrifa allar fréttir sem birtar eru af starfseminni. Það er von á fróðleik og fréttum frá VISS í hverjum Pésa en í þetta sinn var það Brynjólfur Magnússon sem vann auglýsinguna.




SELÁSBYGGINGAR ehf

Selásbyggingar ehf. óska þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Jólakeðja,
Hákon Páll Gunnl. framkv.slj.



Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsaeygendum og öllum viðskiptavinum nær og fjær, hugheilar jóla- og nýárskevðjur með kærum þökkum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða.

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps*



Ruslatunnur mega ekki vera loklausar

Það eru vinsamleg tilmæli frá sorphirðuaðilum okkar að ef að lok vantar á ruslatunnur, eða ef að tunnurnar eru af öðrum orsökum bilaðar, þá hafið samstundis samband við Hjálmar í síma 835-1355 og hann bætir úr því án kostnaðar fyrir húseiganda. Ef að vantar lok á tunnurnar þá fyllast þær af snjó og vatni sem eykur kostnað og skemmir flokkun, sem við viljum alls ekki að gerist.

Einnig er hér hvatt til að mokað sé frá tunnunum til að sorphirðuaðilar eigi auðveldara með að nálgast tunnurnar. Að öðrum kosti getur komið til þess að tunnurnar séu ekki tæmdar.

Að lokum eru íbúar minntir á að nýta sér móttöku-stöðina og grenndarstöðvar til að losa sig við flokkaðan úrgang yfir hátíðirnar og fyljast með losunardögum á sorphirðudagatalinu sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fludir.is.



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14
845 Flúðir**

**flight@simnet.is
Sími 699 0757**

Fotauðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímappantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**





Sólskins búðin

Litla bændabúðin kveður



Litla bændabúðin á Melum breytir um nafn og mun framvegis heita Sólskinsbúðin.

Þessum breytingum fylgja allskonar spennandi nýjungar og munum við strax á næstu vikum auka við vöruúrval og veitingaframboð.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur í Sólskinsbúðinni.

Sólskinsbúðin er opin
10-17 alla daga.

Um hátíðirnar verður
lokað eftirfarandi daga:
24.-26. desember
31. desember
1. janúar



Flugeldasala



Björgunarfélagsins Eyvindar



Verður í húsi félagsins:

laugardaginn	28.desember	kl. 13:00 - 20:00
sunnudaginn	29.desember	kl. 13:00 - 20:00
mánudaginn	30.desember	kl. 13:00 - 20:00
Þriðjudaginn	31.desember	kl. 10:00 - 16:00
mánudaginn	6.janúar	kl. 16:00 - 20:00

Einnig verðum við með netsölu fyrir flugelda á síðunni
<https://www.eyvindur.flugeldar.is> sem opnar 20.desember.

Okkar árlega flugeldasýning verður laugardaginn 4. janúar 2025

Hægt er að styrkja sýninguna á opnunartíma sölunnar
eða með því leggja inn á reikning Eyvindar.

Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 bfeyvindur@simnet.is

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári,

Björgunarfélagið Eyvindur